

Fundur 5.6.2023 Kirjan, dönsk kona af ætt Herúla.

Góða kvöldið.

*Gott kvöld.*

*Mikill straumur frá þér.*

Já. Höfum við um langt skeið hjálpað og höfum við sinnt orkunni vel og er það mjög ánægjulegt að tala til ykkar Íslendingar.

Ég bjó við vatn og hef ég unað mér við sjávarsíðuna oft síðan í jarðvistum mínum og já þetta er nú orðið margvíslegt sem ég hef upplifað og er kannski einfaldast að ég segi frá frumlífi mínu á jörðinni gömlu.

Þegar ég var á jörðinni var stríðsmenning algeng í mínu þjóðfélagi en tókum við upp átrúnað á Gyðju eina sem var tengd landbúnaði og friði og sérhæfðum við okkur í því að hlúa að særðum stríðsmönnum og hefur sú Gyðja æfinlega reynst okkur vel.

Og ég var að útlendum ættum, en ekki svo mjög frábrugðin þeim í útliti, örlítið og átti ég gæfum mína einnig því að þakka að velmegun var í þessu þjófélagi og kaupmenn og bændur fengu gæði frá öðrum löndum og þrátt fyrir hermennsku sumra stétta, voru einnig margir sem kusu friðsamlegra líferni og landbúnað.

Og ég kom til landsins míns á frumlífs jörðinni frá öðrum löndum og vann mig upp og giftist inn í auðugri fjölskyldu og eyddi seinni hluta æfinnar í það að hjúkra hermönnum og tigna Gyðjuna Gefjun og var hún landbúnaðar Gyðja á þeim tíma.

Og fór ég af þeirri jörð á fyrstu framlíf jörð mína og hélt áfram lækningastörfum mínum og hélt áfram að tigna þá Gyðju og hefur það gengið vel.

Ég vil rifja það upp að bræður mínir voru allir hermenn, fjórir að tölu og héldu þeir áfram suður á bóginn sumir og þeir settust að þar í landinu og voru það þó þónokkrir á því landi sem hjálpuðu okkur að úbreiða þessa trú og tóku þátt í þessu starfi.

Kom ég yfir hafið og var af ættflokki Herúla og var með dekkra hár en flestir á því landi sem ég settist að á, sem var Danmörk, Láland.

Og eignaðist svo afkomendur og héldum við áfram í framlífi. Höfum við nú fengið nákvæmari og meir samskipti við Gyðju þessa og aðra Guði og önnur mannkyn á framlífs hnöttum og höfum við skipt út undirgefni fyrir vísindalegan skilning.

En get ég nú víst ekki varið út í það allt að sinni.

Höfum við haft samband við þann sem talaði hér fyrst í kvöld og reynum að útskýra þetta nánar síðar.

En verð ég nú að kveðja, nafn mitt er Kirjan, Dönsk kona af ætt Herúla.

Verið þið sæl og þakka ég fyrir.

*Þakka þér fyrir, mjög fróðlegt.*

Takk fyrir.